

A 1892/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar
um að auka norrænt efni í kennaramenntun

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um
að hún auki norrænt efni í kennaramenntun.

Bakgrunnur

Eitt af grunnatriðum norræns tungumálasamstarfs er að Norðurlönd verði áfram í fararbroddi á heimsvísu með því að bera virðingu fyrir tungumáli og menningu hvers annars og standa þar með vörð um það samstarf (yfirlýsing um norræna málstefnu, 2006). Það er lykilatríði að grunnskólanemendur á Norðurlöndum komist í snertingu við norrænt efni til að vekja áhuga þeirra á norrænni menningu og til að þeir geti tjáð sig á einu af tungumáli nágrannaþjóðanna. Þess vegna er ein af undirstöðum þess að þróa og efla norrænt tungumálasamstarf að bæta þekkingu og færni norrænna kennaranema á kennslu Norðurlandamála og nágranamála.

Ýmsar kannanir hafa þó sýnt að norrænir grunnskólakennarar telja sig í miklum mæli ekki vera nægilega undirbúnir til að gera tungumál og menningu nágrannaþjóða að hluta af kennslu þeirra, sem sýnir hve mikil þörf er á að bæta kennslu í nágrannatungumálum í kennaramenntun á Norðurlöndum.

Aðeins einn af hverjum þremur norskum kennurum sem svöruðu norskri könnun höfðu jákvætt viðhorf gagnvart eigin getu í kennslu nágrannatungumáls (*Norsklærares holdninger til egt fag* Pran, K och Ukkelberg, Å, 2011). Könnun Lärarnas Riksförbund í Svíþjóð frá árinu 2012 rennir stoðum undir þessa niðurstöðu. Samkvæmt henni töldu aðeins einn þriðjungur kennara 7. til 9. bekkjar og aðeins 10% kennara 3. til 6. bekkjar sig búa yfir færni til að kenna á nágrannatungumáli (Lärarnas Riksförbund 2012).

Markmiðið með stofnun norrænnar miðstöðvar um Norðurlandamál og tungumál nágrannaþjóða fyrir kennaramenntun á Norðurlöndum er að efla og auka áherslu á norrænan tungumálaskilning og -kennslu í grunnskólum á Norðurlöndum. Miðstöðin hefði einnig það hlutverk að koma á þekkingargátt og halda árlegt vefmálþing fyrir kennara og kennaranema.



Norræn miðstöð myndi samræma starf norræns tengslanets kennaraskóla. Með því að styðja núverandi sendiherraáætlun norrænna kennara nema myndi miðstöð hvetja nýja kennara til að miðla þekkingu sinni um Norðurlönd og norrænn mál í skólakerfinu. Sendiherraáætlunin gerir kennaranemum kleift að taka stuttan hluta af kennaranáminu í öðru norrænu landi og gegna hlutverki norræns „sendiherra“.

Aukin skipti nemenda og kennara milli landa geta eftt kennslu í Norðurlandamálum en vegna þess hve mismunandi kennsluefnið er á milli landanna er erfitt að útfæra lengri námsdvöl eða sameiginleg námskeið eða námsleiðir. Auk þess hafa auknar ferðir einstaklinga milli landanna jákvæð áhrif á fleiri en þann sem ferðast.

Núverandi norræna tengslanetið hefur þess vegna þróað kerfi fyrir „sendiherra norrænna tungumála“ fyrir þá kennaraskóla sem taka þátt. Það snýst um að kennaranemar geta tekið eina viku af námi sínu í öðru norrænu landi. Sendiherrann fær að taka þátt í námskeiði í móðurmálskennslu og tekur þar virkan þátt í kennslunni og gefur nemendum tækifæri til að eiga vinna með tungumálskennslu og samskipti.

Í tilraunaverkefninu [Nabosprogsdidaktik i læreruddannelsen. Et netbaseret sprog- og kultursamarbejde, 2021](#) fá kennaranemar á sendiherrafundum, bæði á stað og með fjarfundum, „jákvæða reynslu af því að kanna og tileinka sér tungumál og menningu annars lands“ og nemarnir öðlast „þekkingu um hvernig gera má kennslu í Norðurlandamálum að raunverulegum hluta af annarri kennslu á móðurmáli nemendanna.“

Í stuttu máli getur miðstöð haft eftirfarandi verkefni:

1. Samræma og þróa starf tengslanets norrænna kennaraskóla í tengslum við Norðurlandamál. Í dag eru 14 kennaraskólar hluti af tengslanetinu og áætlað er að þeim fjölgi í 25 innan fimm ára, þar á meðal með skólum frá Færeyjum og Grænlandi.
2. Skipuleggja fundi og árlega vefmálstofu fyrir tengslanetið og aðra kennaraskóla á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir því að þátttakendum fjölgi úr 22 til 30 innan þriggja ára.
3. Rekja og þróa sendiherraáætlunina, þar á meðal með norrænum vinnustofum.
4. Úthluta styrkjum til sendiherranema. Styrkirnir skulu vera á milli 3000 da. kr. fyrir 5 daga dvöl 30 nema á ári. Á námsárinu 2021-2022 voru 45 norrænir kennaranemar sendiherrar.
5. Koma á samskiptagátt og miðla þekkingu og bestu venjum í gegnum hana.

Miðstöð gæti einnig sótt ytri fjármögnun fyrir verkefni sem eykur þekkingu á kennslu Norðurlandamála fyrir kennaramenntun og -skóla, til dæmis með nýju kennsluefni.

Til að hámarka áhrifin og byggja á fyrirliggjandi kerfum þyrfti að stofna miðstöðina í tengslum við kennaraskóla, til dæmis Københavns Professionshøjskole, sem er virkur þátttakandi í núverandi tengslaneti. Hjá miðstöðinni þyrfti að lágmarki að starfa einn



stjórnandi og einn námsmaður. Til stuðnings við stjórnandann þarf stýrihóp með fulltrúum kennaraskóla úr norræna tengslaneti Norðurlandamála frá öllum norrænu löndunum.

Áætlað er að kostnaður miðstöðvarinnar nemi um 1,8 milljónum danskra króna á ári, að meðtöldum launum, námsstyrkjum, rekstrarkostnaði og föstum kostnaði.

Sjónarmið nefndarinnar

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar, „Er sameiginlegur málskilningur á Norðurlöndum“¹, sem byggir á könnun meðal 2000 ungmenna á öllum Norðurlöndum um tungumálakunnáttu þeirra og viðhorf þeirra til tungumála, kom fram að *skilningur ungs fólks á Norðurlandamálum er mjög mismunandi milli norrænu landanna og í sumum löndum er stórt hlutfall sem telur sig eiga erfitt með að skilja Norðurlandamál, en næstum öll skilja ensku* (bls. 27).

Í skýrslunni kemur einnig fram að versnandi skilningur á Norðurlandamálum muni líklega hafa áhrif á norræna samþættingu þar sem erfitt að stunda nám og starfa í öðru norrænu landi án þess að kunna tungumálið. Í skýrslunni er einnig spáð fyrir um afleiðingar fyrir hugmyndina um norræna sjálfsmynd, sem hefur verið háð því að við skiljum hvort annað á Norðurlöndum.

Í skýrslunni kemur fram að kennsla Norðurlandamála hafi lítinn forgang í skólakerfum landanna, að hluta til vegna þess að kennarar hafa ekki nægilega þekkingu á viðfangsefninu. Í skýrslunni er því lagt til að Norræna ráðherranefndin stuðli að *þekkingarmiðlun, samstarfi milli kennaraskóla og stofnana háskólanna fyrir Norðurlandamál, stuðli að því að efla færni kennara og styðji þróun kennsluefnis og annarra tungumálaverkefna* (bls. 29).

Þekkingar og menningarnefndin styður tillögu skýrslunnar og telur að norræn miðstöð fyrir Norðurlandamál fyrir kennaramenntun alls staðar á Norðurlöndum myndi skapa betri forsendur fyrir löndin til að ná markmiðum í *Yfirlýsingunni um málstefnu Norðurlanda*, sem segir að allir Norðurlandabúar geti fyrst og fremst átt samskipti hver við annan á skandinavísku máli.

Reykjavík, 29. júní 2022

¹ [Er sameiginlegur málskilningur á Norðurlöndum?](#)



Aron Emilsson (SD)
Camilla Gunell (ÅSD)
Heidi Viljanen (sd)
Kathrine Kleveland (Sp)
May Britt Lagesen

Mikko Kinnunen (cent)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Marcus Knuth (V)
Veronika Honkasalo (vinstri)
Ville Kaunisto (saml)